

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### *Efni: stöðumat velferðartæknismiðju í febrúar 2019*

#### **Forsaga:**

Á fundi borgarstjórnar þann 16. maí 2017 var samþykkt að vísa tillögu um 100 mkr. aukafjárveitingu vegna velferðartækni á árinu 2018 til meðferðar gerðar fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018, meðal annars til að koma á laggirnar velferðartæknismiðju á velferðarsviði þar sem unnið væri við að greina þarfir velferðarsviðs fyrir tæknilausnir og möguleika á að prófa vöru og þjónustu, meðal annars í raunaðstæðum. Á fundi velferðarráðs þann 21. september 2017 var samþykkt að óska eftir því við borgarráð að við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2018 yrði gert ráð fyrir stofnun velferðartæknismiðju þann 1. janúar 2018. Á fundi borgarráðs þann 16. maí 2017 var samþykkt að vísa tillögunni til gerðar fjárhagsáætlunar og til umsagnar skrifstofu þjónustu og reksturs og fjármálaskrifstofu.

Stýrihópur um mótun nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni var skipaður með erindisbréfi Regínu Ásvaldsdóttur sviðstjóra velferðarsviðs þann 17. október 2017. Stefnan ásamt aðgerðaáætlun var samþykkt á fundi Öldungaráðs þann 31. janúar 2018, á fundi velferðarráðs þann 12. febrúar 2018, á fundi borgarstjórnar þann 6. mars 2018

#### **Greinargerð:**

Hér er gert grein fyrir helstu stöðu þátta aðgerðaáætlunar sem fylgdi stefnu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni árið 2018. Farið verður yfir þá þætti aðgerðaáætlunar sem hafa komið til framkvæmda og /eða þarfnast endurskoðunar í aðgerðaráætlun velferðartæknismiðju á árinu 2019.

### **1. Velferðartæknismiðja – Starfsfólk og aðstaða**

#### **Verkliðir aðgerðaáætlunar 2018:**

- ✓ Ráðinn verði verkefnastjóri til að veita velferðarsmiðjunni forstöðu, og síðan annar starfsmaður með honum
- ✓ Komið verði á fót velferðartæknismiðju
- ✓ Velferðartæknismiðju verði fundinn staður í einu af hverfum borgarinnar, sem næst stað þar sem mikil þjónusta er veitt.

- Í apríl 2018 voru tveir verkefnastjórar ráðnir til starfa í Velferðartæknismiðju og hófu þeir störf í maí 2018 og september 2018. Starfsstöð velferðartæknismiðju hefur verið í í opnu rými á skrifstofu Þjónustu og reksturs á Höfðatorgi. Þetta hefur hentað starfseminni vel varðandi skipulag og innra starf. Það er mikilvægt fyrir starfsemi velferðartæknismiðju að vera í nálægð við skrifstofu velferðarsviðs en einnig að vera miklum samskiptum við aðra sem vinna að verkefnum á sviði nýsköpunar og þróunar til að nýta úrræði borgarinnar á sem hagkvæmasta hátt.
- Farið hefur fram þarfagreining á staðsetningu velferðartæknismiðjunnar með tilliti til staðsetningar smiðjunnar. Sýnileiki, nálægð við notendur og aðgengi eru grundvallaratriði varðandi starfsemina. Ákveðið hefur verið að leigja húsnaði í eigu Reykjavíkurborgar við Lindargötu 66 og verður þar aðsetur velferðartæknismiðju. Innrétting og uppbygging húsnaðisins er hluti af komandi aðgerðaáætlun. Staðsetningin var valin m.a. vegna sýnileika og aðgengis og vegna nálægðar við fjölbreytta þjónustu velferðarsviðs á svæðinu, þ.e. starfsstöð heimaþjónustu og heimahjúkrunar, þjónustuíbúða, félagsstarfs, mótuneytis og dagþjálfunar fyrir heilabílaða á Vitatorgi, auk Þjónustumiðstöðvar á Laugavegi 77 og búsetukjarna fyrir fatlað fólk í nágrenninu

## 2. Verkferli prófana

### Verkliðir aðgerðaáætlunar 2018:

- ✓ Í velferðartæknismiðju skal þarfagreina, gera úttektir, þróa og fylgja eftir stefnu um velferðartækni.
- ✓ Skýrt verklag skal mótað í innleiðingu á velferðartækni
- ✓ Tryggja skal góð samskipti og þátttöku starfsmanna í innleiðingu og sjá til þess að nýtt vinnulag festist í sessi.
- ✓ Auglýsa skal eftir hugmyndum um lausnir frá einstaklingum, námsmönnum, frumkvöðlum og fyrirtækjum á ákveðnum viðfangsefnum sem þörf er á að leysa.
- Skýrt verklag fyrir prófanir velferðartækni hefur verið mótað. Módelið er gert að danskri fyrirmynd, þróað af *Teknologisk Institut* og kallast á frummálinu *Velfærds Teknologi Vurdering* (VTV) en hefur verið þýtt yfir á íslensku sem velferðartæknimat (VTM). Velferðartæknismiðja hefur fengið tilskilin leyfi til að nýta sér þessa aðferð og aðrar viðurkenndar aðferðir við þarfagreiningar og innleiðingu á velferðartækni. Uppsetning á efninu og þýðingar hafa verið gerðar. Velferðartæknismiðjan leggur til að allar tækninýjungar sem prófa eigi á velferðarsviði verði metnar á faglegan hátt út frá áherslum velferðartæknimatsins til að hámarka líkur á árangursríkum prófunum og innleiðingu. Þessir verkþættir munu áfram eiga sess í aðgerðaáætlun ársins 2019 með áherslu á innleiðingu í starfsemi velferðarsviðs.
- Til að tryggja góð samskipti og þátttöku starfsmanna í innleiðingu hafa verkefnastjórar velferðartæknismiðju verið í virku samtali við breiðan hóp stjórnenda velferðarsviðs, t.d. þjónustumiðstöðva, félagsmiðstöðva, heimaþjónustu og framleiðslueldhúss. Þessar heimsóknir hafa verið til þess gerðar að kynna starfsemi og vinnulag velferðartæknismiðju og til að greina

áskoranir á sviðinu. Með virku samtali er markmiðið að sjá til þess að vinnulag smiðjunnar með prófanir festist í sessi og að velferðartækni sé ekki tekin í notkun án formlegra prófana. Þetta er áframhaldandi verkefni og verður sett í formlegra ferli í komandi aðgerðaáætlun, t.d. með fræðsludagsskrá og vinnustofum.

- Skýrt verkferli velferðartæknismiðju er ekki síður mikilvægt gagnvart fyrirtækjum og frumkvöðlum. Reynsla ársins sýndi mikilvægi þess að setja skýr markmið strax í upphafi prófana, m.a. til að gæta þess að hagsmunaaðilar séu meðvitaðir um eigin ábyrgð. Í því samhengi hefur velferðartæknismiðja, í samvinnu við lögfræðinga velferðarsviðs, unnið að ramma vinnslusamnings. Þar er skýrt er tekin fram ábyrgð, kröfur og eignarhald gagna sem verða til við prófanir sem og skýrar reglur settar varðandi upplýsingaskyldur fyrirtækja/frumkvöðla um öryggi tæknibúnaðar.
- Ekki hefur verið þörf á að auglýsa eftir hugmyndum frá frumkvöðlum eða öðrum sem sinna þróun velferðartækni. Nokkrir frumkvöðlar og fyrirtæki hafa óskað eftir að fá tæknilausnir í prófun hjá velferðarsviði á árinu. Áframhaldandi verkefni er að koma þessum fyrirsöguðum í formlegt ferli til að tryggja að lausnirnar uppfylli raunverulega þörf og að frumkvöðlar og fyrirtæki geti staðið við gerða samninga um prófanir og skilað árangursríkum prófunum.

### **3. Velferðartækniprófanir**

#### **Verkliðir aðgerðaáætlunar 2018:**

- ✓ Notendur skulu ávallt taka þátt í prófunum og gefa álit sitt og samþykki fyrir nýrri tækni áður en hún er innleidd.
- ✓ Áður en ákvörðun um innkaup og innleiðingu er tekin skal tæknin hafa verið prófuð í raunaðstæðum.
- ✓ Í velferðartæknismiðju skal þarfagreina, gera úttektir, þróa og fylgja eftir stefnu um velferðartækni.
- ✓ Haldið skal utan um prófanir og þróun á nýrri velferðartækni.
- Velferðartæknismiðja tók við nokkrum verkefnum sem þegar voru í prófunum á velferðarsviði. Þessi verkefni voru sett í formlegan farveg velferðartækniprófanna. Prófanir fara ávallt fram við raunaðstæður og í samvinnu við borgarbúa og starfsfólk velferðarsviðs. Áhersla hefur verið á starfsemi borgarinnar og prófanir að mestu farið fram í gegnum starfsfólk. Auka þarf notendasamráð til að velferðartæknismiðja sé í beinu samtali við borgarbúa varðandi prófanir á búnaði sem ekki beint tengist starfsemi borgarinnar en eykur lífsgæði. Lögð er áhersla á aukið notendasamráð í komandi aðgerðaáætlun.
- **Prófanir sem fóru fram á árinu 2018:**
  - **Alvican** býður upp á skynjara sem nema vatns- og rafmagnsnotkun inni á heimilum fólks og neyðarhnapp með GPS staðsetningu. Markmið kerfisins er að auka öryggi íbúa með því að greina frávik í orkunotkun heimilisins. Búnaðurinn var í prófunum í hjúkrunarheimilinu Seljahlíð og á fjórum einkaheimilum sem voru með heimaþjónustu í Efri byggð. Prófanir voru hafnar áður en velferðartæknismiðja var sett á laggirnar og stóðu yfir frá febrúar til loka desember 2018. Verkefnið var ekki í framhaldinu sett í velferðartæknimat (VTM þ.e. verkfæri

velferðartæknismiðju í slíkum prófunum). Prófunum lauk því án afgerandi niðurstaðna um nytsemi tækninnar í þjónustu borgarinnar.

- o **Curron** er hugbúnaður fyrir heimaþjónustu til skipulagningar á heimsóknnum og verkefnum starfsmanna. Markmið kerfisins er markvissari tímastjórnun starfsmanna, aukið upplýsingaflæði og aukið öryggi upplýsinga. Búnaðurinn hefur verið í prófun og þróun í heimaþjónustu Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis frá árinu 2016. Velferðartæknismiðja hefur ekki sett verkefnið upp í formlegt prófunarferli en fylgst með framgangi þess og augljós þörf er á aukinni rafvæðingu heimaþjónustukerfisins. Mikilvægt er setja verkefnið í formlegt árangursmat ef kerfið verður að fullu innleitt.
- o **Kara Connect** er fjarfundahugbúnaður fyrir sérfræðinga í heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfinu. Markmið kerfisins er að auka aðgengi starfsmanna að sérfræðingum borgarinnar með notkun fjarfundabúnaðar og nýta tíma þeirra á markvissari hátt með því að draga úr akstri. Samstarfssamningur var undirritaður í ágúst 2018, en verkefnið var sett upp hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða í ársbyrjun 2019. Tveir sérkennslufræðingar á þjónustumiðstöðinni prófa kerfið með þremur leikskólum borgarinnar. Ekki er komin reynsla á notkun kerfisins en innleiðing prófana hafa tafist nokkuð vegna starfsmannamála. Engar niðurstöður liggja því fyrir að svo stöddu.
- o **DigiRehab** er sjúkraþjálfunarkerfi fyrir eldri borgara í skjálausnaformi. Markmiðið er að heimaþjónustustarfsmenn noti kerfið til að auka líkamlega færni eldri borgara. Búnaðurinn hefur verið í prófunum í heimaþjónustu í Furugerði frá október 2019 og mun ljúka í febrúar 2019. Fjórir starfsmenn og 20 íbúar taka þátt í prófunum. Erlendar prófanir sýndu góðan árangur fyrir notendur og tilgangur verkefnisins er því að meta hvort kerfið henti íslenskum aðstæðum. Prófanir eru enn í gangi. Starfsfólk er ánægt með kerfið, óskar eftir að tæknilausnir séu í auknum mæli nýttar og það fái aukna ábyrgð í starfi. Prófanir sýna einnig fram á að innleiðing kerfisins mun kalla á aukinn kostnað við innkaup og rekstur en kerfið virðist ekki draga úr þjónustuþörf. Kerfið kallar einnig á breytingu verkferla en niðurstöður sýna að ekki gefst tími til að nota það meðfram núverandi verkefnum heimaþjónustu eins og lagt var upp með.
- o **Raizer** er batterísdrifin lyftustóll, hannaður til að setja saman utan um og aðstoða einstakling sem fallið hefur í gólfið. Markmið búnaðarins er að auðvelda starfsfólki að reisa íbúa aftur upp aftur. Búnaðurinn var í prófunum á þremur stöðum, Furugerði, Norðurbrún og Seljahlíð, á tímabilinu júlí 2018 til janúar 2019. Niðurstöður prófana sýna almenna ánægju starfsfólks með búnaðinn en greina þarf innleiðingu stólsins eftir starfsumhverfi. Þar sem töluverður kostnaður er við innkaup á búnaðinum er augljóst að í sumum tilfellum er meira viðeigandi að setja aukið fjármagn í þjálfun starfsfólks en annars staðar getur stóllinn verið mikilvægt verkfæri til að bæta starfsumhverfi. Mesta þörfin reyndist vera í Norðurbrún þar sem starfsfólk notar alltaf tæknibúnað til að

aðstoða íbúa sem hafa fallið í gólfið. Í Seljahlíð og Furugerði var meiri áhersla á að meta hvert skipti fyrir sig og að þjálfa starfsfólk í rétttri líkamsbeitingu. Niðurstaðan er því einnig að hvatning frá stjórnendum sé mikilvæg til að tækni sem þessi sé notuð.

- Áframhaldandi prófanir og markviss skimun eftir nýjum tæknibúnaði eru verkefni komandi aðgerðaáætlunar. Velferðartæknismiðja hefur greint áskoranir sem leysa má með tækni. Eftirfarandi prófanir eru á dagskrá:
  - Fjarþjónustukerfi: Velferðartæknismiðja hefur greint þörf fyrir sveigjanlegri heimaþjónustu, t.d. í gegnum skjáheimsóknir. Formleg þarfagreining og greining á umfangi mun hefjast á næstunni.
  - Samskiptahugbúnaður: Velferðartæknismiðja hefur greint þörf á skilvirkari upplýsingagjöf og þekkingarmiðlun milli starfsmanna, t.d. í íbúðarkjörnum.
  - Velferðartæknismiðja hefur greint ný tækifæri varðandi búnaði sem eykur skilvirkni heimaþjónustu og veitir aukna möguleika á samvinnu þjónustuveitenda og aðstandenda. Sem dæmi má nefna raflyklakerfi og búnað til sjálfvirkra þrifa.
  - Skoða þarf tækni sem styður við sjálfshjálp á eigin heimili, sjálfstætt líf, öryggi borgarbúa og möguleika til að draga úr félagslegri einangrun eldri borgara. Sem dæmi má nefna öryggisbúnað, tækni sem styður við heilabílaða, samskiptabúnað og búnað sem styður við persónulegt hreinlæti.

#### **4. Samstarf og samvinna**

##### **Verkliðir aðgerðaáætlunar 2018:**

- ✓ Velferðarsvið skal vera í þverfaglegu samstarfi við önnur svið borgarinnar, önnur sveitarfélög t.d. Akureyri, sbr. AKREY samkomulag og ríkisstofnanir, s.s. Sjúkratryggingar ríkisins, ráðuneyti og Rannís.
- ✓ Velferðarsvið skal vera leiðandi í samstarfi frumkvöðla, fyrirtækja og háskólastofnana, jafnt hérlandis sem erlendis.
- ✓ Velferðarsvið skal taka þátt í norrænu samstarfi og þróun á verklagi í velferðartæknismiðjum (Living Lab).
- Verkefnastjórar velferðartæknismiðju hafa á markvissan hátt nýtt og eflt tengslanet sitt í þágu uppbyggingar smiðjunnar. Velferðartæknismiðjan er leiðandi á landsvísu varðandi innleiðingu nýrra verkferla. Samstarfsverkefni og uppbygginging smiðjunnar eru áframhaldandi verkefni í komandi aðgerðaáætlun.
  - Velferðartæknismiðja situr í samráðshópi Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Í hópunum sitja aðilar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneytinu, Landsambandi eldri borgara og Sjálfsbjörgu. Hópurinn fundar mánaðarlega og hefur verkefnastjóri SSH skipulagt fræðsluferð erlendis.
  - Velferðartæknismiðja hefur hafið samtal við Sjúkratryggingar Íslands varðandi samlegðaráhrif og samvinnu. T.d. má búast við breyttum

þörfum notenda í samræmi við tæknþróun í þjónustu og skýra þarf ábyrgðarhlutverk varðandi kostnað og styrki.

- o Velferðartæknismiðja hefur tekið virkan þátt í ráðstefnum og málþingum, t.d. í samvinnu við velferðarráðuneytið, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Hjúkrunarfræðifélag Íslands og Faglig Forum for helse- og sosialtjenesten í Oslo.
- o Samstarf við Öldurnarheimili Akureyrar og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar – SÍMEY um þróun náms í velferðartækni. Verkefnastjórar velferðartæknismiðju hafa komið að þróun námsefnis og kennslu. Námsefni er í prufu hjá SÍMEY á Akureyri.
- o Velferðartæknismiðja hefur verið í góðu samstarfi við erlenda sérfræðinga við þróun á verklagi og er með sterkt tengslanet á Norðurlöndum.

### **Niðurstaða:**

Gerð hefur verið grein fyrir stöðu þátta aðgerðaáætlunar velferðartæknismiðju ársins 2018. Öllum liðum í aðgerðaáætlun hafa verið gerð skil á árinu. Einstaka liðum, svo sem ráðningu starfsfólks, hefur verið lokið, en þeir eru enn hluti af áframhaldandi starfsemi smiðjunar. Verkefnastjórar hafa fengið svigrúm til að kynna sér margþætta starfsemi velferðarsviðs á árinu og framkvæmt og aðlagð aðgerðir eftir því sem við hefur átt.

Velferðartæknismiðja hefur komið að fimm tækniprófunum og sett fjögur þeirra í formlegt ferli. Verkefnastjórar hafa greint fjölmörg tækifæri til notkunar á velferðartækni og munu á næstunni greina, forgangsraða og framkvæma fleiri prófanir. Samstarf og samvinna er ein helsta forsenda nýsköpunar og velferðartæknismiðjan hefur átt í góðu samstarfi við fjölmarga aðila sem vinna að velferðarmálum.

Skipulagning verklags var einn veigamesti liður aðgerðaáætlunar og hefur skýrt verklag verið mótað. Þessi góði grunnur, sem hefur verið settur í starfsemi velferðartæknismiðju, mun skila sér í aukinni innleiðingu velferðartækni í starfsemi borgarinnar.